

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar um stofnun stýrihóps um framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um Heiðmörk

Borgarstjórn samþykkir að stofnaður verði stýrihópur fulltrúa allra flokka í borgarstjórn til þess að móta framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um Heiðmörk. Verkefni hópsins verði að tryggja að hagsmunir almennings séu tryggðir í þeirri vinnu sem stendur yfir vegna krafna um aukna vernd vatnsbóla sem Veitur starfrækja. Stýrihópurinn kalli til ráðgjafar og samstarfs þá aðila sem verkefnið krefst.

Greinargerð

Kynnt hafa verið áform Veitna um breytingar á aðgangi almennings að útivistarsvæðum í Heiðmörk vegna vatnsverndarsjónarmiða. Afar brýnt er að tryggja þá almannahagsmuni sem felast í aðgangi að hreinu drykkjarvatni enda er það grundvallargæði sem höfuðborgarsvæðið getur ekki verið án. Tillögur Veitna hafa þó sætt gagnrýni frá ýmsum hagaðilum vegna þess að til stendur að loka fyrir bílaumferð um Heiðmörk á grannsvæðum vatnsverndar. Það þýðir að bílastæði við Borgarstjórapiplan, Þjóðhátíðarlund, Elliðavatn og víðar gætu horfið og bílastæði færst út að Suðurlandsvegi, t.d. við Rauðhóla eða Búrfellsgjá. Til að komast að elstu og vinsælustu svæðunum í skóginum, svo sem Vígsluflöt og fjölskyldusvæðinu Furulundi, gætu gestir þurft að ganga í 3-4 kílómetra. Í raun væri þá verið að loka Heiðmörk fyrir þorra notenda.

Heiðmörk er 3200 ha að stærð og eitt mikilvægasta og stærsta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Afar brýnt er því að meta lýðheilsuáhrif stórra skipulagsákvæðana eins og þeirrar sem nú er fyrirhuguð. Því er mikilvægt að ráðast í ítarlegt lýðheilsumat á áhrifum takmarkaðs aðgengis íbúa að svæðinu. Aðgengi að grænum svæðum eru grundvallargæði í borgarsamfélagi og vinsældir Heiðmerkur hafa aukist mjög á síðustu tveimur áratugum. Þess vegna meðal annars þarf að huga að betri stýringu gesta sem hana sækja bæði til þess að tryggja vatnsvernd en um leið að tryggja lýðheilsusjónarmið.

Í rannsókninni „Virði Heiðmerkur“ sem Brynhildur Davíðsdóttir prófessor í umhverfis- og auðlindafræði í HÍ gerði ásamt hópi fræðimanna árið 2013 kom fram að heimsóknir í Heiðmörk væru um 100 þúsund á ári. Sú tala hefur hækkað talsvert síðan. Miðað við 100 þúsund heimsóknir árlega væri heildarvirði náttúrugæða Heiðmerkur, þar með talin útivistarsvæðið, 3,1 milljarður á ári (1,9-7,9 milljarðar). Heildarvirði svæðisins væri 62 milljarðar (38-158 milljarðar). Í rannsókninni var rætt við gesti á svæðinu og í ljós kom að 92% gesta komu á bíl, 30% gesta voru eldri en 60 ára, meðaltalsnotkun var fjórum sinnum í mánuði, 2,2% komu 25 sinnum eða oftar í mánuði og 72% þeirra sem sóttu Heiðmörk gerðu það til þess að hreyfa sig, fara í lautarferðir og í berja- og sveppatínslu svo fátt eitt sé nefnt. Þá er Heiðmörk afar vinsæl hjá hestamönnum. Þá má ennfremur benda á að Heiðmörk er nýtt með skipulögðum hætti fyrir fólk með fötlun og í skólastarfi barna og ungmenna.

Í þessum mánuði var birt í auglýsingu skipulagslýsing fyrir Heiðmörk sem er undanfari deiliskipulagsgerðar. Lengi hefur verið unnið að gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk eða allt frá árinu 2010. Vinnu við það skipulag var hætt árið 2013 en nú hefur verið ákveðið að endurvekja þessa vinnu í þeim tilgangi að tryggja verndun hreins neysluvatns til framtíðar og m.t.t. núgildandi skipulaga og samþykkt. Stofnaður hefur verið vinnuhópur sem fer fyrir deiliskipulagsvinnunni. Í hópnum eru fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Veitum, Orkuveitu

Reykjavíkur, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Landmótun hefur verið ráðin sem ráðgjafi vegna vinnu við deiliskipulagið.

Þessum hópi er ekki ætlað að taka afstöðu til þess hvort skynsamlegt sé að færa vatnsupptökusvæðið frá Myllulæk upp í Vatnsendakrika. Það svæði stendur ofar en Myllulækur og vatnið sem tekið er í Myllulæk kemur að mestu leyti úr Vatnsendakrika. Sérfræðingar hafa bent á að vatnið úr Myllulæk sé viðkvæmara fyrir mengun af yfirborði og skynsamlegra sé að sækja vatn úr Vatnsendakrika en að ráðast í frekari fjárfestingar í Myllulæk. Leggja þarf mat á það hvort þessi tilfærsla myndi tryggja betur aðgengi almennings að Heiðmörk og rétt er að kjörnir fulltrúar í þessum stýrihópi fái ítarlegar greiningar á því hvaða ákvarðanir þarf að taka til þess að hagsmunir vatnsverndar og lýðheilsusjónarmið séu tryggð.

Vatnsból Reykjavíkurborgar eru ómissandi og mikilvægt að horfa til langrar framtíðar um verndun þeirra. Að sama skapi er Heiðmörk sem útivistarsvæði gríðarlega verðmæt auðlind. Sérlega skortir á framtíðarsýn hjá Reykjavíkurborg gagnvart Heiðmörk og því er tímabært að kjörnir fulltrúar leggi saman krafta sína og setji málið á dagskrá í góðu samstarfi við Veitur, íbúa og alla hagaðila í Heiðmörk.